

# Getum við lært eitthvað af Aröbönunum?

## *Enn um a/ö-víxl í íslensku*

### 1. Inngangur

Í þremur síðustu heftum *Íslensks máls* eru liflegar umræður um *u*-hljóðvarp og eðli *a/ö*-víxla í nútímalslensku.<sup>1</sup> Ragnar Ingi Aðalsteinsson og Sigurður Konráðsson (2009) drógu það í efa að *u*-hljóðvarp sé virk hljóðkerfisregla og rökstuddu með rannsókn á barnamáli. Þorsteinn G. Indriðason (2010) og Höskuldur Þráinsson (2011) hafa hins vegar tínt til ýmis rök til varnar þeirri skoðun að *u*-hljóðvarp sé hljóðkerfislega virkt. Þorsteinn bendir réttilega á að ýmsar meintar hljóðkerfisreglur eru háðar svipuðum vandkvæðum og undantekningum og *u*-hljóðvarpið. Ef það er talið óvirkt sem hljóðkerfisregla má því efast um ýmislegt annað. Höskuldur lýsir *a/ø*-víxlum í færeysku og færir traust rök fyrir því að þau ákvarðist ekki af virkri hljóðkerfisreglu. Annað telur Höskuldur hins vegar að gildi um íslensku og bendir á ýmislegt sem ólíkt er með þessum frændtugum. Álitamálið um eðli hljóðvarpsins er reyndar gamalkunnugt og greiningu á því má m.a. finna hjá Anderson (1972), Orešnik (1975), Eiríki Rögnvaldssyni (1981, 1993), Kristjáni Árnasyni (1985), Karvonen og Sherman (1997), Gibson og Ringen (2000) og Jurgec (2011).

Umræðan um þessi mál hefur mikið snúist um rök með og á móti hljóðkerfislegum skilningi á fyrirbærinu en minna þúðri hefur verið varið í að útlista þann möguleika að hér sé hljóðbeyging á ferð. Í þessari grein reyni ég að bæta svölítið úr þessu með því að setja fram og verja eina hljóðbeygingarlega túlkun.

### 2. Hvað er hljóðbeyging?

Tungumál heimsins hafa fundið sér ýmsar mismunandi leiðir til að beygja orð. Þau geta meðal annars beygst með viðskeytum, forskeytum, innskeyt-

<sup>1</sup> Ég þakka Höskuldi Þráinssyni ritstjóra og tveimur ónefndum ritrynum þá snörpu hrið sem þeir gerðu að skrifum mínum. Fyrir atbeina þeirra fá lesendur hér þéttari röksemdafærslu en ella hefði verið. Ég þakka einnig Aðalsteini Hákonarsyni, Kristjáni Árnasyni og Þorgeiri Sigurðssyni gagnleg samtöl um efnið.

um, umskeytum, áherslubreytingum, tónbreytingum og víxlum á einstökum hljóðönum. Síðasti möguleikinn er það sem ég á við með hljóðbeygingu.

Hljóðbeyging þekkist í mörgum tungumálum og leikur stundum lítið hlutverk en stundum mikið. Arabíska er dæmi um mál þar sem hljóðbeyging er í öndvegi. Þar eru það oftast sérhljóðin sem taka þátt í ýmsum víxlum en samhljóðin sem halda sér. Hljóðbeyging kemur til dæmis við sögu í fleirtölumyndun nafnorða og eru þar ýmis mynstur til. Algengt fleirtölmynstur orða með þrjá samhljóða í rót er  $C_1uC_2uC_3$  og kemur það til dæmis fram þegar eintalan hefur mynstrið  $C_1iC_2\bar{a}C_3$ . Hér er dæmi um orð sem hefur þessa beygingu:

(1) et. kitāb 'bók' — ft. kutub 'bækur'

Þarna er hljóðbeygingin hið eina sem greinir milli tveggja formdeilda. Slík tilfelli finnast einnig í íslensku og má til dæmis benda á nútíð og þátíð sterkra sagna. Hér er slík sögn:

(2) nt. skriðum — þt. skriðum (1.p.ft.)

Það eina sem skilur hér milli nútíðar og þátíðar er sérhljóðið í stofninum. Einnig má auðveldlega finna dæmi um að hljóðbeyging og beygingarendingar vinni saman að því að merkja formin:

(3) nt. skriður — þt. skreiðst (2.p.et.)

Hér liggur munurinn á nútíð og þátíð bæði í mismunandi stofnsérhljóði og í mismunandi beygingarendingum. Sérstaklega er vert að veita því athygli að endingin *-st* kemur hvergi annars staðar fyrir í beygingu sagnarinnar og að myndirnar *\*skriðst* og *\*skriðst* eru ekki til. Því má ef til vill segja að endingin veiti fullnægjandi upplýsingar um beygingarmyndina *skreiðst* og að upplýsingarnar í sérhljóðinu séu umframmar. Þetta veldur engum sérstökum vandamálum í greiningunni enda er alþekkt í beygingarfræði að skyld form greinist í sundur á fleiri en einn veg.

Stundum verður vart við þá hugmynd að hljóðbeyging hljóti alltaf að vera óregluleg beyging. Vissulega er auðvelt að finna dæmi um óreglulega hljóðbeygingu, t.d. *maður* — *menn*, en það er engin nauðsyn að hljóðbeyging sé óregluleg. Beyging sagnarinnar *skriða* verður til dæmis varla sögð mjög óregluleg enda tilheyrir hún allstórum flokki algengra sagna (*blífa*, *bíta*, *biða*, *drífa*, *gína*, *grípa*, *hníga*, *hrífa*, *hrína*, *hvína*, *klífa*, *klípa*, *kviða*, *líða*, *líta*, *míga*, *rífa*, *ríða*, *síga*, *skriða*, *skína*, *skíta*, *slíta*, *sníða*, *stíga*, *svífa*, *svíða*, *þrífa*). Við þurfum greinilega ekki að læra sérstaklega hvert einasta form

allra þessara sagna enda getur málvitundin séð mynstrið í beygingunni og nýtt sér það. Við getum til dæmis hugsað okkur að málnotandi nokkur hafi aldrei myndað þt. 2.p.et af sögninni *líða*, sem í daglegu tali er einkum notuð í þriðju persónu. Slíkur málhafi yrði þó ekki í vandræðum með að framleiða myndina *leiðst* ef hann skyldi einn daginn þurfa að nota hana.<sup>2</sup>

Hvar er vitneskjan um hljóðbeygingarmynstrin geymd í huga okkar? Einn möguleiki er að hún sé geymd á svipuðum slóðum og upplýsingar um aðra beygingarlega eiginleika. Með orðalagi eins og í málfræðibók væri hægt að orða það svona:

- (4) Beygingarflokknum  $B_1$ , sem í eru sagnirnar  $O_1, O_2 \dots$  og  $O_n$ , tilheyra eftirfarandi endingar og sérhljóðavíxl sem raðast á einstakar myndir eins og hér greinir.

Hvernig heilinn setur upp slíka greinargerð er ekki auðvelt að vita en menn hafa þó reynt að gera sér það í hugarlund, ekki síst í umræðu um arabísku og skyld mál.

Í greiningu McCarthy's (1983) á arabísku er gert ráð fyrir að orðmynd eins og *kutub* samanstandi af þremur morfemum — ósamfelldri samhljóðarót /k-t-b/ sem auðkennir fjölskyldu af skyldum orðum, ósamfelldu sérhljóðamynstri, /u-u/, sem auðkennir nafnorðið sem um ræðir og beygingarmynd þess, og loks prósóðísku sniðmáti CVCVC sem hin tvö morfemin falla inn í. Síðan setur McCarthy fram nokkrar frekari hugmyndir um hvaða orðmyndir þurfi að geyma í orðasafninu og hverjar ekki. Þessar kenningar hafa fengið að minnsta kosti einhvern stuðning úr málsálfræðilegum tilraunum (Mimouni o.fl. 1998).

Ef við vildum fara svipaða leið í greiningunni á hljóðbeygingu sterkra íslenskra sagna gætum við til dæmis sagt að orðmyndin *skreið* samanstandi af tveimur morfemum (ég læt prósóðíska þáttinn liggja á milli hluta), annars vegar rótinni /skr-ð/ og hins vegar sérhljóðamynstrinu /ei/. Bæði morfemin innihalda hluta af upplýsingunum um orðið og beygingarmynd þess eins og þyrfti síðan að gera nánari grein fyrir. En þar sem við höfum aðeins eitt sérhljóð í sérhljóðamynstrinu liggur ef til vill beinna við að nota svolítið aðra framsetningu. Ég legg til að greina orðmyndina sem /skrV<sub>h</sub>ð/ þar sem V<sub>h</sub> stendur fyrir hljóðskiptasérhljóð. Í orðasafninu væri orðið *skriða* síðan geymt á eftirfarandi hátt:<sup>3</sup>

<sup>2</sup> Hitt heyrir þó vissulega til undantekninga að tökusagnir eða nýmyndanir fái sterka beygingu. Þess eru þó dæmi eins og sögnin *blífa sýnir* (Veturliði G. Óskarsson 2009:90; sbr. einnig Margréti Jónsdóttur 2007).

<sup>3</sup> Táknið € er lesið 'er stak í'.

(5) /skrV<sub>h</sub>ð-/ , V<sub>h</sub> ∈ H<sub>1</sub>

Hér er H<sub>1</sub> mengi hljóðskiptasérhljóðanna í fyrstu hljóðskiptaröð sterkra sagna. Í beygingarhluta málkunnáttunnar eru síðan geymdar upplýsingar um þetta mengi:

(6) H<sub>1</sub> = {/i/, /ei/, /i/}

Á sama stað væru geymdar upplýsingar um það hvaða sérhljóð tilheyrir hvaða beygingarformdeildum en óþarfi er að rekja það fyrir lesendum. Það sem sérstaklega skiptir máli hér er að ekki er nauðsynlegt að geyma mismunandi stofnsérhljóð hverrar sagnar í orðasafnsflettu hennar heldur er hægt að vísa til þeirra á miðlægan hátt. Þannig myndu sagnirnar *bíta*, *liða* og *kviða* líta svona út í þessu líkani af orðasafninu:

(7)a. /bV<sub>h</sub>t-/ , V<sub>h</sub> ∈ H<sub>1</sub>  
 b. /lV<sub>h</sub>ð-/ , V<sub>h</sub> ∈ H<sub>1</sub>  
 c. /kvV<sub>h</sub>ð-/ , V<sub>h</sub> ∈ H<sub>1</sub>

Nú er að vísu ekki öruggt að heilinn sé svo afskaplega sparneytinn á geymslurými að hann geymi aldrei nema eina mynd hverrar sagnar — líklegra virðist að við höfum ýmsar títt notaðar myndir í skyndiminni og getum kallað þær fram án þess að reikna í hvert skipti út frá orðasafnsflettunum og málfræðihlutanum. En það sem mestu máli skiptir er að við **getum** myndað sérhverja beygingarmynd þegar við þurfum á henni að halda. Hljóðbeygingarlíkanið sem ég lýsi hér sýnir hvernig hægt er að halda utan um regluna í hljóðbeygingunni og forðast að líta á hana sem óregla væri.

### 3. a/ö-víxl sem hljóðbeyging

Við getum núna athugað hvernig líkanið í kafla 2 virkar á íslensk orð með a/ö-víxlum. Lítum til dæmis á beygingarflokkinn sem orðið *vörður* er hluti af:

(8)	et.	ft.
nf.	vörður, vörðurinn	verðir, verðirnir
þf.	vörð, vörðinn	verði, verðina
þgf.	verði, verðinum	vörðum, vörðonum <sup>4</sup>
ef.	varðar, varðarins	varða, varðanna

<sup>4</sup> Ég rita hér beygingarendingu þágufalls fleirtölu með greini eftir mínum eigin framburði og þeim sem lengi hefur verið almennur (sbr. Indriða Gíslason og Höskuld Þráins-

Þessi beygingarflokkur er ekki með hinum stærstu en inniheldur þó allnokkur orð (a.m.k. *böllur*, *börkur*, *flötur*, *gröftur*, *göltur*, *hnöttur*, *knöttur*, *köstur*, *köttur*, *lögur*, *löstur*, *mökkur*, *mörður*, *spölur*, *svörður*, *völlur*, *vöndur*, *vörður*, *vöxtur*, *þröstur*, *Börkur*, *Hörður*, *Knöttur*, *Mörður*, *Þröstur*). Einhverja frjósemi virðist þessi beyging hafa, að minnsta kosti sést nýlega tökuorðið *pökkur* (e. *puck*) oft beygt með þessum hætti.<sup>5</sup> Við getum hæglega gert grein fyrir hljóðskiptunum hér eins og í dæmunum að ofan. Orðasafnsflettan væri svona:

(9)  $vV_h r\ddot{o}$ -,  $V_h \in H_v$

Hljóðskiptamengið yrði svona:

(10)  $H_v = \{/ö/, /e/, /a/\}$

Beygingarhluti málkunnáttunnar inniheldur upplýsingar um það hvaða sérhljóð tilheyrir hvaða beygingarformdeild, rétt eins og það geymir upplýsingar um hvaða endingar tilheyrir hvaða beygingarformdeild. Þennan beygingarflokk er þannig hægt að greina rétt eins og sterku sagnirnar áður. Víxlin milli *a* og *ö* (og *e*) eru regluleg víxl sem lýsa má með sömu aðferðum og öðrum reglulegum sérhljóðavíxlum í málinu.

Á sama hátt mætti gera grein fyrir *a/ö*-víxlum í öðrum beygingardæmunum, hvort sem er í nafnorðum (*gjöf*, *gjafar*), lýsingarorðum (*fagur*, *fögur*) eða sagnorðum (*hafa*, *höfum*). Ég sé ekki ástæðu til að taka fleiri dæmi að sinni enda yrðu þau hvert öðru lík. Snúum okkur heldur að þeim mótbárum sem hægt væri að færa eða hafa verið færðar gegn greiningu á borð við þessa.

#### 4. Rök gegn hljóðbeygingu

**Mótbára A:** Í sumum beygingum, eins og *skriða* eða *vörður* eða *gjöf*, dreifast sérhljóðin vissulega nokkuð jafnt um beyginguna svo að ekki er fyrirfram augljóst að eitt sé í fyrirrúmi í orðasafninu. En í beygingu eins og

---

son 2000:131). Þessi framburður er þó ekki einráður en rannsóknir á útbreiðslu og eðli afbrigðanna skortir. Til dæmis væri fróðlegt að vita hversu almennt það sé að gera greinar mun á *könnonum* (þgf.ft m.gr. af *kanna*) og *könnunum* (þgf.ft án gr. af *könnun*). Ég tel að þessar orðmyndir myndi lágmarkspar í mínu máli en treysti þó ekki sjálfskoðuninni svo vel að ég geti fullyrt um þetta.

<sup>5</sup> Við leit á lýðnetinu og á *timarit.is* fundust talsvert fleiri dæmi um þágufallsmyndina *pekkinum* en *pökkinum*. Myndin *pökknum* er einnig algeng en *\*pekknum* kemur ekki fyrir.

*hvalur* er /a/ í gegnum alla beyginguna nema hvað /ö/ kemur fyrir í þágufalli fleirtölu (*hvölum*, *hvölonum*). Er ekki óeðlilegt að hugsa sér að orðið sé geymt sem /hvV<sub>h</sub>l-/ fremur en /hval-/ í orðasafninu? Virðist ekki eðlilegt að stofnsérhljóðið sé í grunninn /a/ en að það *breytist* í /ö/ í þágufalli fleirtölu? Sýnir þetta ekki að ekki sé hægt að fella öll a/ö-víxl í íslensku undir hljóðbeygingu?

**Svar:** Það má vissulega setja beygingarmynstrin þannig upp að eitt tiltekið sérhljóð sé í orðasafninu og síðan virki reglur sem breyta því í önnur sérhljóð eins og við á. Um þetta má deila en sú deila snýst ekki endilega um það hvort um sé að ræða hljóðbeygingarreglur eða hljóðkerfisreglur. Það er ekkert því til fyrirstöðu að það séu beygingarreglur sem breyta einu sérhljóði í annað. Í orðasafninu væri þá gefinn upp stofninn /hval-/ með upplýsingum um hvaða beygingarflokki orðið tilheyrir. Í beygingarhluta heilans væri síðan regla í líkingu við þessa:

(11) Aftasta /a/ í stofni nafnorða verður /ö/ í þgf.ft.<sup>6</sup>

Við sjáum að hér er enn aðeins vísað til beygingarformdeilda en ekki til neinna hljóðkerfislegra þátta. Það er því ekkert því til fyrirstöðu að ö-ið í *hvölum* og *hvölonum* komi til vegna hljóðbeygingar, jafnvel þótt orðið væri geymt sem /hval-/ í orðasafninu.

Því er svo við að bæta að það þarf ekki að vera að allir málnotendur geymi orðin á sama hátt, jafnvel þótt hver þeirra hafi eitt tiltekið sérhljóð í orðasafnsmyndinni. Til dæmis mætti hugsa sér að Ingólfur hafi /ö/ í orðasafnsmynd orðsins *vörður* en Hallveig hafi /a/. Síðan er Ingólfur með beygingarreglur sem breyta /ö/ í /a/ (og /e/) en Hallveig hefur reglur sem breyta /a/ í /ö/ (og /e/). Vitneskja okkar á uppbyggingu hugans er ekki komin svo langt að hægt sé að útiloka slíka möguleika.

**Mótbára B:** Það er greinilegt að a/ö-víxl eru mjög virk og lifandi í íslensku. Tökuorð eins og *Sandra* eða *spamma* fá hiklaust ö í beygingarmyndum sínum, t.d. *Söndru* og *spömmum*. Sýnir þetta ekki að hér er á ferð lifandi hljóðkerfisregla fremur en stirðnuð hljóðbeyging?

**Svar:** Enginn ágreiningur er um að a/ö-víxl séu virk og lifandi í íslensku. Hins vegar er ekkert því til fyrirstöðu að hljóðbeygingarreglur séu lifandi

<sup>6</sup> Í svarinu við mótbáru D er fjallað um sértilvikið að stofninn sé tvíkvæður og bæði sérhljóðin /a/.

og virki á tökuorð rétt eins og aðrar beygingarreglur. Hér að framan hef ég gert grein fyrir því hvernig hljóðbeyging getur verið reglulegur hluti af beygingarmynstrum. Vissulega er þó mismunandi hversu frjó beygingarmynstrin eru og hversu auðveldlega þau taka við nýjum orðum. Beyging sterkra sagna er til dæmis lítt frjó og því t.d. sjaldgæft að bætist í flokk þeirra sagna sem beygjast eftir fyrstu hljóðskiptaröð. En tökum eftir að það er ekkert sérstakt við hljóðbeyginguna í þeim efnum umfram aðra beygingarhluta. Það er ekki svo að nýjar sagnir geti auðveldlega orðið sterkar ef þær passa sig bara á því að hafa alls staðar sama sérhljóð í stofni. Beygingarendingar sterkra sagna eru engu auðsóttari nýjum orðum en hljóðskiptamynstur þeirra.

Til eru nokkrir stórir beygingarflokkar sem taka gjarnan við nýjum orðum. Rás málsögunnar hagaði því svo að í þessum flokkum koma víða fyrir *a/ö-víxl* en öðrum sérhljóðavíxlum í stofni bregður þar lítt fyrir. Þannig fá nýjar sagnir helst beyginguna sem *kalla* hefur. Þær fá svikalaust báða hluta hennar — bæði endingarnar og hljóðbeyginguna.

Athugum líka að frjósemin í *a/ö-víxlunum* einskorðast ekki við orðmyndir með *u* í endingu. Sterka hvorugkynsbeygingin er opin og frjó og tökuorðið *watt* fær t.d. vandræðalaust fleirtöluna *wött*. Rannsóknir sýna að *a/ö-víxl* eru þegar í máli barna ekki síður lifandi í fleirtölumyndun hvorugkynsorða en kvenkynsorða. Þetta gildir hvort sem prófuð eru raunorð (*blað/blöð, þanna/þönnur*) eða bullorð (*darm/dörm, brala/brölur*) (Ragnar Ingi Aðalsteinsson og Sigurður Konráðsson 2009:170–173).

**Mótbára C:** Hljóðbeygingarkenningin gerir ráð fyrir mismunandi hljóðbeygingarreglum við hvert fótímál. Til dæmis er það ein hljóðbeygingarregla sem gerir grein fyrir */ö/* í sagnmyndinni *höfum* og einhver allt önnur hljóðbeygingarregla sem gerir grein fyrir */ö/* í nafnorðsmyndinni *hvölum*. Hins vegar má með hljóðkerfisreglu gera grein fyrir *a/ö-víxlunum* í báðum þessum orðmyndum og mörgum öðrum beygingardæmum á einu bretti. Þessar bollaleggingar um hljóðbeygingu í hverju horni ganga alveg fram hjá því mikilvæga almenna mynstri að */a/* verður */ö/* fyrst og fremst þegar */u/* er í atkvæðinu á eftir. Er ekki kenning sem missir af svona mikilvægri alhæfingu lítills virði?

**Svar:** Það er mér ekki áhyggjuefni að hljóðbeygingarvíxl */a/* og */ö/* séu hluti af mörgum beygingardæmum. Þessi víxl eru ein af þeim aðferðum sem beygingarkerfið notar til að greina á milli formdeilda. Það kemur ekkert á óvart að þau komi víða fyrir í ótengdum mynstrum enda eru beyg-

ingarkerfi tungumála gjörn til að nýta sömu brellurnar aftur og aftur. Þannig kemur beygingarendingin *-ir* fyrir í beygingu nafnorða, sterkra sagna, veikra sagna, fornafna og lýsingarorða. Það væri út í hött að heimta einhverja eina skýringu eða reglu sem úthlutaði þessari endingu alls staðar þar sem hún á heima. Eins eigum við enga heimtingu á því að geta gert grein fyrir öllum *a/ö-víxlum* á einu bretti.

Hitt væri þó vissulega slæmt ef við værum hér að missa af mikilvægri alhæfingu sem greinilega væri hluti af málkunnáttu þeirra sem tala íslensku. Ég tel hins vegar að það sé ekki tilfellið. Sú almenna regla að */ö/* komi fyrir í beygingarmynstrum með *a/ö-víxlum* þá og því aðeins að */u/* sé í atkvæðinu á eftir reynist ekki vera svo ýkja almenn regla þegar betur er að gáð. Það eru næstum því engin orð í málinu sem haga sér í samræmi við þessa reglu.<sup>7</sup> Lítum á dæmi:

(12)	et.	ft.
nf.	<b>hvalur, hvalurinn</b>	hvalir, hvalirnir
þf.	hval, hvalinn	hvali, hvalina
þgf.	hval, <b>hvalnum</b>	<i>hvölum, hvölonum</i>
ef.	hvals, hvalsins	hvala, hvalanna

Reglan gerir grein fyrir því hvers vegna við höfum */ö/* í orðmyndinni *hvölum*. Hún útskýrir hins vegar ekki hvers vegna við höfum */a/* í *hvalur, hvalurinn* og *hvalnum* né heldur hvers vegna við höfum */ö/* í *hvölonum*. Til þess að útskýra þetta þarf að hugsa sér einhverjar frekari forsendur. Menn hafa stungið upp á að reglan virki ekki yfir skil sem greinirinn markar og þess vegna sé */a/* í *hvalnum*. Önnur hugmynd er að í orðmyndunum *hvalur* og *hvalurinn* sé */u/-ið* í endingunni ekki hluti af hinni eiginlegu beygingarendingu heldur stoðhljóð sem hljóðkerfið skýtur inn í (gegn þessu færi ég ítarleg rök í væntanlegri doktorsritgerð) og að þetta komi í veg fyrir verkan */u/-sins*. Mér er ekki ljóst hvernig skýra ætti */ö/-ið* í *hvölonum* enda virðist það vandamál hvergi koma fram í skrifum um *u-hljóðvarp*.

Nánast hvar sem fæti er niður drepíð eru mótdæmi gegn reglunni sem hér um ræðir, ýmist þannig að */ö/* kemur fyrir án þess að */u/* fari á eftir (t.d. *gjöf, lönd, löndonum, vörð, glöð*) eða þannig að */a/* kemur fyrir þótt */u/* fari á eftir (t.d. *akur, mastur, hananum, hjartanu, herranum, kallaður, kallardú, taktu, glaður, fagur*). Þetta tvennt gerir það að verkum að *u-hljóðvarp* er **ógagnsæ** (e. *opaque*) regla í skilningi Kiparskys. Regla er ógagnsæ

<sup>7</sup> Helst nokkur lýsingarorð (t.d. *nakinn*) og fáeinir sagnir (t.d. *rekja*).

ef hún virkar ekki alls staðar þar sem umhverfi hennar er fyrir hendi á yfirborðinu eða ef hún virkar stundum þótt umhverfi hennar sé ekki fyrir hendi á yfirborðinu. Í nýlegri rannsókn (Green 2007) er rökstutt að ógagnsæjar reglur tengist alltaf beygingarlegum upplýsingum og þykir mér líklegt að það sé rétt.<sup>8</sup>

Frávikin í *u*-hljóðvarpsreglunni einskorðast ekki við beygingu heldur koma einnig fyrir í orðmyndun (*skalli*, *sköllóttur*) og þegar *u* er í stofni orða (*kaktus*). Þeir sem aðhyllast hljóðkerfisskýringuna hafa vissulega gert sér í hugarlund skýringar á flestum þessara frávíka. Um þær mun ég ekki fjalla nánar hér enda er markmið greinarinnar að verja hljóðbeygingarkenningu fremur en að sækja að hljóðkerfiskenningu. Ég læt því duga að segja að frávikin frá meginreglunni eru svo mörg að mér virðist eðlilegt að líta svo á að hér sé, frá samtímalegu sjónarmiði, engin regla á ferð. Hvernig og hvers vegna ætti málnotandinn að álykta um þessa reglu í máltökunni fyrst hún virðist svona ógreinileg á yfirborðinu? Við því finn ég engin skýr svör.

Niðurstaða mín er þá sú að hljóðbeygingarkeningin missi ekki af neinni mikilvægri alhæfingu um hljóðkerfislega dreifingu /a/ og /ö/. Reglurnar sem þar um ræðir eru málsögulega réttar en traust rök skortir fyrir því að þær séu hluti af málkunnáttu nútímamálhafa.

**Mótbára D:** Orðið *banani* hefur tvímyndirnar *banönnum* og *bönunum* í þágufalli fleirtölu. Er ekki greinilegt að það er breytingin í seinna sérhljóðinu sem kallar á breytinguna í fyrri sérhljóðinu og sýnir það ekki að hér sé hljóðkerfisregla á ferð? Fyrirbærið á sér sem sagt mjög laglega skýringu í hljóðkerfislíkani en hvernig í ósköpunum væri hægt að skýra mynd eins og *bönunum* með hljóðbeygingarlíkani? Myndi það líkan ekki allt eins spá fyrir um myndir eins og *\*bönönnum* eða *\*banunum*?

**Svar:** Það sem hér er athyglisvert er að orðið *banani* hefur tvö sérhljóð í stofni og bæði geta tekið þátt í sérhljóðavíxlum. Ein leið til að gera grein fyrir þessu í hljóðbeygingarlíkani er að fá að láni greininguna á arabísku sem fjallað var um í öðrum kafla. Við myndum þá líta á rót orðsins sem /b-n-n/ og að það tengist tveimur öðrum einingum, sérhljóðamynstrunum /ö-u/ (sem merkir þágufall fleirtölu) og /a-a/ (sem merkir önnur föll). Ég sé ekki að þessi greining lendi í neinum sérstökum erfiðleikum.

<sup>8</sup> „[I]t appears that there are no cases of purely phonological opacity, but rather that opaque processes are always sensitive to morphological information“ (Green 2007:169).

Hvers vegna fáum við ekki myndir eins og *\*bönönnum* eða *\*banunum*? Einfaldlega vegna þess að við lærum beyginguna eins og hún er en ekki einhvern veginn öðruvísi. Eins væri hægt að spyrja hvers vegna fleirtalan af arabíska orðinu *kitāb* sé *kutub* en ekki *\*kitub* eða *\*kutāb*. Frá samtímalegu sjónarhorni eða lýsingu á málkunnáttunni er þess ekki að vænta að það eigi sér neinar sérstakar skýringar hvers vegna tiltekin beygingareining merkir tilteknar beygingarformdeildir. Af hverju er ending lýsingarháttar nútíðar í íslensku *-andi* en ekki t.d. *-endi*, *-u* eða *-estur*? Frá sögulegum sjónarhóli getum við að einhverju leyti svarað slíkum spurningum en frá samtímalegu sjónarhorni verður svarið í grundvallaratriðum: af því bara. Táknið er tilfallandi, eins og haft er eftir Saussure. Þannig sé ég ekki að það standi hljóðbeygingarkenningunni sérstaklega fyrir þrífum að orð eins og *banani* hafi þá beygingu sem þau hafa.<sup>9</sup>

**Mótbára E:** Í svarinu við mótbáru D hefur höfundur í rauninni viðurkennt að með þeim aðferðum sem hann notar getur hann gert grein fyrir hverjum þeim hljóðbreytingum sem fyrirfinnast í beygingarmynstrum málsins, kallað þær hljóðbeygingu og látið sér nægja að segja „af því bara“ þegar kallað er eftir skýringum. Er þetta ekki til marks um algjört vísindalegt gjaldþrot höfundar? Kenning sem skýrir hvað sem er skýrir í rauninni ekki neitt. Hvernig ætti að vera hægt að rökstyðja að nokkur hljóðavíxl séu hljóðkerfislegs eðlis ef hægt er að greina hvað sem er sem hljóðbeygingu?

**Svar:** Ég neita því ekki að hér er komið að erfiðum aðferðafræðilegum spurningum og til að svara þeim til einhverrar hlítar þyrfti ég að rita aðra grein eða ef til vill margar greinar. Ég lít þó sannarlega ekki svo á að hljóðbeygingarkenningar geti útskýrt hvað sem er eða að engar virkar hljóðkerfisreglur séu í íslensku, það er öðru nær. Hins vegar tel ég að alltaf þegar stofn orða er mismunandi í mismunandi beygingarmyndum hljóti að minnsta kosti að koma til álita að hljóðbeyging sé á ferð — það er að segja að stofnbrigðin séu skilyrt af beygingarformdeildunum. Ég get ekki séð hvers vegna það ætti að vera rétt vísindaleg aðferðafræði að vísa hljóðbeygingarskýringum á bug um leið og hljóðkerfisskýring virðist geta komið til greina.

<sup>9</sup> Aðferðafræðileg bananaumræða á svipuðum nótum er hjá Kristjáni Árnasyni 1985:19.

## 5. Lokaorð

Víxl *a* og *ö* í orðmyndum eins og *hvalur/hvölum* hafa verið skýrð með tvenns konar hætti:

**Hljóðkerfisskýring:** Ending þágufalls fleirtölu er /um/ og sérhljóð þeirrar endingar hefur þau áhrif á /a/-ið í atkvæðinu á undan að það breytist í /ö/.

**Hljóðbeygingarskýring:** Ending þágufalls fleirtölu er /um/ en auk þess hefur þessi beygingarformdeild annað merki — að sérhljóðið í stofninum sé /ö/ ef það er /a/ annars staðar í beygingunni.

Ég lít svo á að þessi greinarmunur sé kjarni málsins en ekki hvaða formalisma menn velja til að lýsa frekar hvorum möguleika fyrir sig. Því getur enda vel hugsast að ýmsum þeim sem eru sammála mér um hvor þessara meginkosta sé betri myndi hugnast betur að nota aðra framsetningu á hljóðbeygingarskýringunni en ég hef valið. Eigi að síður vona ég að þessi tilraun mína til að setja hljóðbeygingarkostinn svolítið skýrar fram verði til þess að þoka umræðunni eitthvað áfram.

### HEIMILDIR

- Anderson, Stephen R. 1972. Icelandic *u*-Umlaut and Breaking in a Generative Grammar. Evelyn Scherabon Firchow, Kaaren Grimstad, Nils Hasselmo og Wayne. A. O'Neil (ritstj.): *Studies for Einar Haugen*, bls. 13–30. Mouton, Haag.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1981. U-hljóðvarp og önnur *a ~ ö* víxl í íslensku. *Íslenskt mál* 3:25–58.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1993. *Íslensk hljóðkerfisfræði*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Gibson, Courtenay St. John, og Catherine O. Ringen. 2000. Icelandic Umlaut in Optimality Theory. *Nordic Journal of Linguistics* 23(1):49–64.
- Green, Antony D. 2007. *Phonology Limited*. Linguistics in Potsdam 27. Universitätsverlag Potsdam, Potsdam.
- Höskuldur Þráinsson. 2011. Um dauðans óvissan tíma. *u*-hljóðvarp lífs og liðið. *Íslenskt mál* 33:85–107.
- Indriði Gíslason og Höskuldur Þráinsson. 2000. *Handbók um íslenskan framburð*. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands, Reykjavík.
- Jurgec, Peter. 2011. *Feature Spreading 2.0: A Unified Theory of Assimilation*. Doktorsritgerð við Tromsøháskóla, Tromsø.
- Karvonen, Daniel, og Adam Sherman. 1997. Sympathy, Opacity, and U-umlaut in Icelandic. *Phonology at Santa Cruz* 5:37–48.
- Kristján Árnason. 1985. Morphology, Phonology and U-umlaut in Modern Icelandic.

- Edmund Gussmann (ritstj.): *Phono-Morphology*. Studies in the Interaction of Phonology and Morphology, bls. 10–22. Catholic University of Lublin, Lublin.
- Margrét Jónsdóttir. 2007. „Hvernig niðurhel ég?“ *Íslenskt mál* 29:125–140.
- McCarthy, John J. 1983. A Prosodic Account of Arabic Broken Plurals. Í Ivan R. Dihoff (ritstj.): *Current Approaches to African Linguistics* I, bls. 289–320. Foris, Dordrecht.
- Mimouni, Zohra, Eva Kehayia og Gonia Jarema. 1998. The Mental Representation of Singular and Plural Nouns in Algerian Arabic as Revealed through Auditory Priming in Agrammatic Aphasic Patients. *Brain and Language* 61:63–87.
- Orešnik, Janez. 1975. The Modern Icelandic *u*-Umlaut Rule. Karl-Hampus Dahlstedt (ritstj.): *The Nordic Languages and Modern Linguistics* 2, bls. 621–633. Almqvist & Wiksell International, Stokhólmi.
- Ragnar Ingi Aðalsteinsson og Sigurður Konráðsson. 2009. *u*-hljóðvarp: Regla eða val málnotanda? *Íslenskt mál* 31:167–178.
- Veturlíði G. Óskarsson. 2009. Um sögnina *blífa*, vöxt hennar og viðgang í íslensku. *Íslenskt mál* 31:89–124.
- Þorsteinn G. Indriðason. 2010. Til varnar hljóðkerfisreglu. Nokkrar athugasemdir við umræðugrein. *Íslenskt mál* 32:137–149.

## SUMMARY

‘Learning from the Arabs. On *a/ö*-alternations in Icelandic’

**Keywords:** phonology, morphology, morphophonemic alternations, *u*-umlaut

Icelandic has a rich array of grammatical paradigms where the stem vowel alternates between *a* and *ö*. A long-standing debate has centered on whether speakers are more likely to conceive of those alternations as morphological or phonological. This paper lays out one approach to a morphological solution and defends it against anticipated criticism.